

Hlíð ferðaþjónusta ehf
Víðihlíð
660 Mývatn

Reykjavík, 29. ágúst 2019
UST201907-143/H.H.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda – Reykjahlíð tjaldsvæði - Verndarsvæði Laxár og Mývatns

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Hlíð ferðaþjónustu ehf, dagsett 16. júlí 2019, um leyfi til byggingar smáhýsis á tjaldsvæði innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Í 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu segir að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

Lýsing verkefnis:

Reisa á smáhýsi við tjaldsvæði í Reykjavíð á Mývatni, mitt á milli suðurenda flugvallar og kirkjunnar í Reykjahlíð. Gert er ráð fyrir að tvær manneskjur muni koma með að nýta sér húsnæðið sem gististað. Fjórir starfsmenn munu koma að framkvæmdinni. Notast verður við litla gröfu og malarkerru við byggingu. Grafa þarf 50 metra skurð fyrir vatn og rafmagn norðan við húsið. Þar sem skurður verður grafin verða þökur teknar af og settar aftur á. Gengið verður frá öllu þannig allt gras mun jafna sig. Smáhýsið er í samræmi við gildandi deiluskipulag. Staðsetning, útlit og aðrar byggingarteikningar fylgdu umsókn.

Umsagnir:

Í samræmi við 17 gr. reglugerðar nr 665/2012 um verndun Mývatn og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 2. ágúst 2019 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Náttúrufræðistofnu Íslands barst þann 6. ágúst 2019, þar kemur fram að framangreind framkvæmd sé innan samþykks deiliskipulags og þar innan reits sem er ætlaður fyrir gistihús og gerir Náttúrufræðistofnun því ekki athugasemd við erindið.

Í samræmi við 17 gr. reglugerðar nr 665/2012 um verndun Mývatn og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 12. Júlí 2019, vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands barst ekki.

Áhrifamat:

Sótt er um leyfi fyrir húsi sem staðið hefur á tímabundnu leyfi í Hlíð í Mývatnssveit. Húsið stendur innan þjónustuklasa á tjaldsvæði sem starfrækt hefur verið til margra ára. Fyrirliggjandi er deiliskipulag svæðisins auk teikninga af húsinu. Gert er ráð fyrir húsinu á deiliskipulagi, þar stendur það á röskuðu landi í nágrenni við þjónustuhús svæðisins. Í umsögnum við deiliskipulag gerði Umhverfisstofnun athugasemd við að smáhýsum yrði dreift víða um svæðið. Við þeirri athugasemd var brugðist.

Í ljósi þess að húsið er á röskuðu landi og að húsið er tengt við fráveitu svæðisins er ekki um að ræða að húsið valdi tjóni á lífríki eða náttúrufari. Húsið mun ekki hafa verulega neikvæð áhrif á landslag enda í góðu samræmi við þá framtíðarsýn sem sett hefur verið fram í deiliskipulagi.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir byggingu smáhýsi á tjaldstæði við Hlíð í Reykjahlíð sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Óheimilt er að raska votlendi vegna framkvæmdarinnar.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlæggt.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Virðingarfyllst,



Kristín Linda Arnadóttir
Forstjóri



Davíð Örvar Hansson
Teymisstjóri